

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

I. kafli laganna, er hefur fyrrsögnina **Heiti, hlutverk, stjórn, aðild, iðgjöld og innheimta**, orðast svo:

a. (1. gr.)

Heiti og hlutverk.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður bænda. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Sjóðurinn starfar með því markmiði og skipulagi sem segir í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sérákvæðum í lögum þessum og samþykktum fyrir sjóðinn.

Heimilt er að skipta sjóðnum í deildir eftir því hvernig ávinnslu réttinda er háttað og eftir því hvort lífeyrisréttindi eru í sameign eða séreign.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara og samþykktu sjóðsins.

b. (2. gr.)

Stjórn.

Fjármálaráðherra skipar stjórn lífeyrissjóðsins til fjögurra ára í senn. Skal stjórnin skipuð fimm mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Einn skal tilnefndur af landbúnaðarráðherra, tveir af stjórn Bændasamtaka Íslands en einn skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á starfsemi hans í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. ákvæði í samþykktum fyrir sjóðinn.

c. (3. gr.)

Sjóðsaðild.

Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra sem starfa að búrekstri. Bóndi, þar með talinn aðili að félagsbúi, einkahlutafélagi eða öðru lögformlegu búrekstrarformi, telst sá er stundar búskap á lögbylí þar sem hann á lögheimili, og búrekstur fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02, enda hafi hann náð sextán ára aldri.

Ef maki bónda er ekki aðili að búrekstri og á ekki sjálfsgæða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði skal sjóðstjórn veita honum aðild að Lífeyrissjóði bænda óski viðkomandi þess skriflega. Iðgjald bónda skv. 2. mgr. 4. gr. skal þá skiptast milli hans og maka hans eða sambúðaraðila í þeim hlutföllum sem hann hefur óskað eftir skriflega og skal hlutur makans ganga til myndunar sjálfstæðra lífeyrisréttinda hans.

Launþegar er starfa við landbúnað skulu vera sjóðfélagar, enda hafi þeir náð sextán ára aldri og eigi ekki sjálfsgæða aðild að öðrum lífeyrissjóði.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum sem stunda búrekstur utan lögbýla, svo og bændum sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum, aðild að sjóðnum, enda sé um að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur meiri hluta tekna sinna af. Þá getur sjóðstjórn heimilað sjóðsaðild mökum og sambúðaraðilum, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, þeirra aðila sem um ræðir í þessari málsgrein.

Sjóðfélaga skv. 1. og 4. mgr. þessarar greinar er heimilt að greiða iðgjald, sem launþegi, af öðrum atvinnutekjum en búrekstri ef þessi störf veita ekki sjálfsgæða aðild að öðrum lífeyrissjóði.

d. (4. gr.)

Iðgjaldsstofn, iðgjald og réttindi.

Iðgjaldsstofn bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri, skal vera reiknuð laun þeirra í landbúnaði samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Með búrekstri í þessu sambandi er átt við búrekstur samkvæmt atvinnugreinanúmerum 01, jarðrækt og garðyrkju, þ.m.t. ylækt og búfjárrækt, og 02, skógrækt, í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02. Iðgjald þeirra bænda og maka þeirra sem reikna sér ekki laun en þiggja laun frá einkahlutafélagi eða öðrum lögaðila sem rekur bú, sbr. 1. mgr. 3. gr., skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa til þeirra vegna búrekstrar, sbr. 3. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Iðgjald sjóðfélaga skv. 1. og 4. mgr. 3. gr. skal að lágmarki vera 4% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. þessarar greinar. Á móti iðgjaldi sjóðfélaga skal greitt mótframlag sem skal að lágmarki vera 6% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. þessarar greinar. Mótframlag skal greitt af sjóðfélaga sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

Iðgjald sjóðfélaga skv. 3. og 5. mgr. 3. gr. skal að lágmarki vera 10% af heildarlaunum, þ.e. að lágmarki 4% iðgjald sjóðfélaga og að lágmarki 6% mótframlag vinnuveitanda.

Iðgjald skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar skal hvert almanaksár umreiknað til lífeyrisréttinda með jafnri og/eða aldurstengdri réttindaávinnslu samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum fyrir sjóðinn.

e. (5. gr.)

Innheimta.

Greiðsla iðgjalds og mótframlags skv. 2. mgr. 4. gr. skal fara fram mánaðarlega. Stofn til innheimtu á mánaðarlegu iðgjaldi bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri og reikna sér laun, skal miða við reiknað endurgjald í hverjum mánuði eins og það er ákveðið skv. 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 1. másl. 3. mgr. þessarar greinar. Einkahlutafélög og aðrir lögaðilar sem reka bú, sbr. 3. másl. 1. mgr. 4. gr., skulu standa skil á iðgjaldi fyrir alla menn sem að búrekstrinum starfa, sbr. 1. mgr. 4. gr. Greiðandi skal sundurliða iðgjöld eftir sjóðfélögum.

Sjóðurinn annast innheimtu iðgjalda. Á greiðsludögum beingreiðslna samkvæmt búvörulögum skal halda eftir af þeim iðgjaldi þeirra sjóðfélaga sem beingreiðslna njóta fyrir næstliðinn mánuð og skila því til sjóðsins eigi síðar en 30 dögum eftir að það er greitt og skal það sundurliðað eftir sjóðfélögum og tímabilum.

Leiði eftirlit ríkisskattstjóra skv. 6. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, í ljós að iðgjald bónda hefur verið vangreitt eða ofgreitt skal sjóðstjórn innheimta vangreidd iðgjöld eða úrskurða um bakfærslu og endurgreiðslu ofgreiddra iðgjalda. Iðgjald sem flutt hefur verið í annan lífeyrissjóð, lán verið veitt út á eða lífeyrir verið úrskurðaður og greiddur út á skal hvorki endurgreitt né réttindi sem af því leiða bakfærð. Sjóðfélagi getur enn fremur óskað eftir því að iðgjaldsstofn hans sé reiknað endurgjald í staðgreiðslu sé það hærra en reiknuð laun hans, sbr. 1. másl. 1. mgr. 4. gr., samkvæmt álagningu að liðnu tekjuári. Vextir skulu reiknaðir á endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Um innheimtu iðgjalda og framlaga fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og nánari ákvæðum í samþykktum fyrir sjóðinn.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um iðgjaldagreiðslur, innheimtu, innheimtuþóknun, dráttarvexti og annað er varðar framkvæmd þessarar greinar.

f. (6. gr.)

Sérákvæði.

Nú andast sjóðfélagi sem orðinn var sjóðfélagi fyrir árslok 1983 og skipti ekki réttindum sínum í árslok 1983 með maka sínum og á þá eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum að loknum þeim greiðslutíma sem kveðið er á um í samþykktum til æviloka. Slíkur réttur miðast þó einungis við áunnin réttindi í sjóðnum í árslok 1983 án framreiknings.

Við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar sem tilkynnt var til sjóðsins samkvæmt eldri lögum skal áunnum réttindum sjóðfélaga, þau ár sem hjónabandið eða sambúðin stóð fram til ársloka 1983, skipt að jöfnu hafi þeim ekki áður verið skipt.

g. (7. gr.)

Samþykktir.

Setja skal nánari reglur um skipulag sjóðsins og starfsemi auk ákvæða um iðgjald, mótframlag og lífeyrisréttindi í samþykktir sem fjármálaráðherra staðfestir að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Sjóðurinn skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi.

2. gr.

II. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Eftirlaun til aldraðra í Lífeyrissjóði bænda**, orðast svo:

a. (8. gr.)

Réttindatími.

Þeim sem fæddir eru 1914 eða fyrr og hafa verið bændur á lögbýlum og átt þar lögheimili skal tryggður ellilífeyrir í samræmi við ákvæði 9. gr., enda eigi þeir að baki a.m.k. tíu ára réttindatíma, sbr. 3. mgr. Vanti mann sem látið hefur af búskap á árunum 1964–69 brot úr ári til að ná fullum tíu árum veldur það þó ekki réttindamissi ef hann hefur látið af búskap á tímabilinu frá fardögum til ársloka og hefði með búskap til loka þess árs náð fullum tíu árum.

Nú andast maður sem öðlast hafði rétt til lífeyris skv. 1. mgr. eða var að ávinna sér slíkan rétt og hefði getað uppfyllt skilyrði 1. mgr. með áframhaldandi réttindaávinnslu og skal þá eftirlifandi maki eiga rétt til makalífeyris skv. 9. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1964 og áunnið sér a.m.k. fimm ára réttindi, sbr. 3. mgr. Það er enn fremur skilyrði að hjónabandið hafi staðið í a.m.k. fimm ár og verið stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri. Óvígð sambúð eða staðfest samvist veitir sama rétt og hjúskapur, enda hafi hún verið tilkynnt sjóðnum skriflega fyrir andlátið. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita aðila sem sannanlega annaðist heimili bónda hliðstæðan lífeyri að honum látnum, enda hafi bæði verið ógift.

Til réttindatíma skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955 sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbylí og átt þar lögheimili. Réttindatími manns sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954 reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð. Réttindatími reiknast í heilum mánuðum en aldrei skal hann reiknast lengri en 20 ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrðum 1. mgr. um lögheimili ef hlutaðeigandi bóndi hefur haft meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðum 1. mgr. um lögbylí ef um hefur verið að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur haft allar eða nær allar tekjur sínar af. Áður en umsókn frá umsækjanda utan lögbylís er afgreidd skal leita álits stjórnar hlutaðeigandi búnaðarsambands á því hvaða býlum á sambandssvæðinu megi í þessu sambandi jafna til lögbylí.

b. (9. gr.)

Lífeyrir.

Fjárhæð elli- og makalífeyris sem veittur er skv. 8. gr. miðast við réttindatíma, sbr. 3. mgr. 8. gr. Makalífeyrir skal enn fremur miðast við 100% grundvallarlaun skv. 1. mgr. 10. gr. og sama gildir um ellilífeyri ef skilyrðum 2. mgr. 8. gr. um hjúskap, óvígða sambúð eða staðfesta samvist er fullnægt, en að öðrum kosti skal lífeyrir miðast við 20% lægri tekjur. Fyrir réttindatíma til ársloka 1980 skal ellilífeyrir nema 1,923% nefndra tekna fyrir hvert réttindaár en makalífeyrir skal til sama tíma nema 5,341% að viðbættu 1,068% fyrir hvert réttindaár. Hafi sjóðfélagi áunnið sér meiri rétt samkvæmt ákvæðum eldri laga um Lífeyrissjóð bænda einstök réttindaár skal þó miðað við þann rétt þau ár og fyrir réttindatíma eftir árslok 1980 skal jafnan miðað við áunninn rétt fyrir hvert einstakt réttindaár eða meðaltal þriggja bestu árána ef um er að ræða tíma eftir að gjaldskyldu til sjóðsins lauk.

Hafi bóndi stundað búskap þar til hann lést og verið yngri en 67 ára skal við ákvörðun hundraðshluta makalífeyris, auk réttindatíma skv. 3. mgr. 8. gr., taka tillit til þess tíma sem eftir var til 67 ára aldurs bóndans.

Lífeyrir samkvæmt samþykktum fyrir Lífeyrissjóð bænda kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein. Verði lífeyrir hærri samkvæmt samþykktum en elli- og makalífeyrir samkvæmt þessari grein verður ekki um lífeyrisgreiðslur að ræða samkvæmt þessari grein.

Greiðslur úr öðrum lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt þessari grein. Hafi hlutaðeigandi gengið úr lífeyrissjóði eftir árslok 1969 og afsalað sér réttindum sínum þar skal sá lífeyrir sem hann ella hefði átt rétt á dragast frá á sama hátt. Stjórn Lífeyrissjóðs bænda úrskurðar hvernig innstæða í lífeyrissjóði með séreignarskipulagi skuli metin til frádráttar.

Eigi maður, auk réttindatíma sem bóndi, jafnframt að baki réttindatíma samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra skal taka tillit til samanlagðs réttindatíma og ákveða lífeyrisgreiðslur

í hlutfalli við réttindatíma og fjárhæð sem hvor aðili hefði greitt ef réttindatími hefði verið óskiptur. Aldrei skal reikna sama tímabil sem réttindatíma hjá báðum aðilum. Stjórn sjóðsins skal hafa samráð við umsjónarnefnd eftirlauna um nánari tilhögun við úrskurð og greiðslu lífeyris samkvæmt þessari málsgrein.

Makalífeyrir samkvæmt þessari grein til þeirra sem ekki hafa náð 75 ára aldri skerðist ef hlutaðeigandi hefur tekjur af vinnu sem nemur $\frac{1}{4}$ af grundvallarlaunum eða meira á almannasári, og skal þá skerða lífeyrinn um $\frac{1}{2}$ fyrir hvern $\frac{1}{2}$ hluta viðmiðunarlauna. Skerðist lífeyrir með þessu móti um meira en $\frac{3}{4}$ skal hann felldur niður með öllu.

c. (10. gr.)

Grundvallarlaun og greiðslutilhögun.

Grundvallarlaun lífeyris skv. 9. gr. eru 51.113 kr. í janúar 1998. Fjárhæðin breytist mánaðarlega eða að lágmarki 1. janúar og 1. júlí ár hvert í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 181,4 stig.

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum.

Útgjöld vegna lífeyrisgreiðslna skv. 8. og 9. gr. skulu borin af ríkissjóði.

d. (11. gr.)

Umsókn og tilkynningarskylda.

Þeir bændur, eða eftirlifandi makar, sem telja sig eiga rétt til lífeyris skv. 9. gr. skulu senda stjórn sjóðsins umsókn um hann og láta í té allar upplýsingar sem sjóðstjórnin telur sig þurfa að fá. Stjórn lífeyrissjóðsins úrskurðar um lífeyri skv. 9. gr.

Þeim er nýtur lífeyris skv. 9. gr. og uppfyllir skilyrði 2. mgr. 8. gr. um hjúskap, óvígða sambúð eða staðfesta samvist er skylt að tilkynna stjórn sjóðsins skriflega og án tafar ef maki eða sambúðaraðili fellur frá ellegar hjúskap, óvígðri sambúð eða staðfestri samvist er slitið. Í síðarnefnda tilvikinu skal ellilífeyri skipt að jöfnu.

3. gr.

III. kafli laganna, **Eftirlaun til aldraðra í Lífeyrissjóði bænda**, 15.–18. gr., fellur brott.

4. gr.

19.–22. gr. laganna falla brott og 23. gr. laganna verður 12. gr.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða við lögin fellur brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Fela þær það í sér að lagaumhverfi Lífeyrissjóðs bænda verði einfaldað og starfsumhverfi lífeyrissjóðsins gert sem sambærilegast starfsumhverfi annarra lífeyrissjóða.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði 4.–7. gr. og 9.–14. gr. laganna verði felld á brott. Að nokkru leyti, líkt og fram kemur í frumvarpinu, hafa umrædd ákvæði verið tekin upp í 1. gr. frumvarpsins, en að mestu leyti hafa þau þó verið felld á brott. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði 15.–18. gr. laganna, sem fjalla um eftirlaun til aldraðra bænda, verði lögfest og munu því þau ákvæði verða flutt úr III. kafla laganna yfir í II. kafla þeirra. Engar efnislegar breytingar eru gerðar á þeim ákvæðum, að því undanskildu að ákvæðum um fjárhæð og greiðslutilhögun lífeyris er bætt við, en með þeim breytingum er II. kafli gerður að sjálfstæðum hluta innan laga um Lífeyrissjóð bænda.

Að undanfögnu hafa ýmsar breytingar orðið í umhverfi lífeyrissjóða, til að mynda upptaka aldurstengdra réttinda. Núgildandi lagaumhverfi fyrir Lífeyrissjóð bænda kemur hins vegar í veg fyrir að lífeyrissjóðurinn geti tekið upp sambærilegar breytingar á lífeyrisréttindaákvæðum og aðrir sjóðir eru að taka upp samhliða aldurstengingu réttinda, enda lífeyrisréttindin bundin í lögum.

Í árslok 2004 var 22% halli á framtíðarskuldbindingum lífeyrissjóðsins. Halli á framtíðarskuldbindingum er vegna óhagstæðrar aldurstekningu sjóðfélaganna og þá munu breyttar forsendur um örorkulíkur auka hallann þrátt fyrir góða ávöxtun. Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2005 liggur ekki enn fyrir. Ljóst er þó, vegna framlags í sjóðinn samkvæmt fjárukaalögum 2005, að sjóðurinn mun eiga fyrir heildarskuldbindingum í árslok 2005.

Eins og rakið er að framan er megintilgangur þessa frumvarps að lög um Lífeyrissjóð bænda verði einfölduð með þeim hætti að í þeim verði eingöngu þau atriði er varða sérstöðu sjóðsins.

Rétt þykir að í lögum sé einungis tekið á sérstöðu sjóðsins, svo sem sjóðsaðild, iðgjaldsstofni og iðgjaldi bænda, svo og innheimtu þeirra en hún er með nokkuð öðrum hætti en hjá öðrum lífeyrissjóðum. Gert er ráð fyrir að önnur ákvæði um starfsemi sjóðsins, svo sem réttindaávinnsla og lífeyrisréttindi, verði í samþykktum sjóðsins.

Ekki er um að ræða neinar efnislegar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð bænda aðrar en þær að ákvæði um lífeyrisréttindi vegna áunninna réttinda verða felld niður til þess að unnt verði að samræma þau lífeyrisréttindaákvæðum hjá öðrum lífeyrissjóðum. Vegna töluverðrar uppstokkunar á greinum eru allnokkrar breytingar á tilvísunum í greinar og málsgreinar sem ekki verða tíundaðar hér að aftan enda leiða þær af breytingunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið (1. gr.).

Í ákvæðinu er fjallað um heiti og hlutverk sjóðsins auk annarra atriða og er það að mestu leyti samhljóða 1. gr. gildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um b-lið (2. gr.).

Í 1. mgr. er fjallað um skipan stjórnar Lífeyrissjóðs bænda og er ákvæðið efnislega samhljóða 8. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er kveðið á um ábyrgð stjórnar sjóðsins og er þar vísað í ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Um c-lið (3. gr.).

Í ákvæðinu er fjallað um aðild að Lífeyrissjóði bænda. Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. gr. gildandi laga, auk viðbóta úr 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. er fjallað um skylduaðild bænda að sjóðnum.

Í 2. mgr. er fjallað um þá maka bænda sem ekki eru sjóðfélagar skv. 1. mgr. og er efnislega samhljóða 2. másl. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. gildandi laga.

3. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 2. gr. gildandi laga.

4. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 2. gr. gildandi laga að viðbætti tilvísun í 2. mgr. þessarar greinar.

5. mgr. er efnislega samhljóða 1. másl. 1. mgr. 4. gr. gildandi laga.

Um d-lið (4. gr.).

Í ákvæðinu er fjallað um iðgjaldsstofn, iðgjald og réttindi sjóðfélaga.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Ákvæði 3. mgr. er efnislega samhljóða 2. másl. 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 4. gr. gildandi laga.

Ákvæði 4. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Um e-lið (5. gr.).

Í ákvæðinu er fjallað um innheimtu iðgjalds. Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. mgr., 4. mgr. og 6. mgr. 3. gr. gildandi laga, en lagt er til að 5. mgr. 3. gr. gildandi laga falli á brott enda talin óþörf.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 3. gr. gildandi laga, að því undanskildu að lagt er til að síðari hluti 1. másl. 3. mgr. 3. gr., sem fjallar um gjalddaga og eindaga á greiðslu iðgjalds og mótframlags, og 3. másl. 3. mgr. 3. gr., sem fjallar um hvað gera skal ef ekki liggja fyrir upplýsingar um reiknað endurgjald yfirstandandi árs, falli brott. Ástæða þess að lagt er til að síðari hluti 1. másl. 3. mgr. 3. gr. verði felldur brott er sú að ákvæði um gjalddaga umræddra greiðslna er að finna í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þá er ástæða þess að lagt er til að 3. másl. 3. mgr. 3. gr. verði felldur brott sú að umræddu ákvæði hefur ekki verið beitt í starfsemi sjóðsins, að undanskildu fyrsta árinu sem það var í gildi, en þá var því einungis beitt vegna byrjunarörðugleika.

2. mgr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 3. gr. gildandi laga, en gert er ráð fyrir að tilvísun í þann máslíð sem lagt er til að verði felldur á brott í 1. mgr. falli niður.

3. mgr. er efnislega samhljóða 6. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr. er lagt til að um innheimtu iðgjalds og framlags fari að öðru leyti samkvæmt ákvæðum í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og nánari ákvæðum í samþykktum fyrir sjóðinn.

5. mgr. er efnislega samhljóða 7. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Um f-lið (6. gr.).

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 11. gr. gildandi laga. Nauðsynlegt er talið að halda inni í lögunum ákvæði um réttindi eftirlifandi maka bænda, sem ekki fengu helming af réttindum þeirra í árslok 1983.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 20. gr. gildandi laga.

Um g-lið (7. gr.).

Ákvæðið er efnislega samhljóða 22. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir því að samþykktir sjóðsins nái til allra atriða er snerta skipulag og starfsemi sjóðsins.

Um 2. gr.

Um a-lið (8. gr.).

Í ákvæðinu er fjallað um réttindatíma aldraðra bænda. Ákvæðið er efnislega samhljóða 15. gr. gildandi laga.

Um b-lið (9. gr.).

Í ákvæðinu er fjallað um lífeyri aldraðra bænda. Ákvæðið er efnislega samhljóða 16. gr. gildandi laga.

Í 2. málsl. 1. mgr. er breytt tilvísun sem í núgildandi lögum vísar í 13. gr. en þar sem sú grein verður felld niður verður nú vísað í nýja 1. mgr. í 10. gr.

Í 3. mgr. er vísað í samþykktir fyrir Lífeyrissjóð bænda í stað 9. og 11. gr. gildandi laga, en þær greinar verða felldar brott.

Um c-lið (10. gr.).

Í ákvæðinu er fjallað um grundvallarlaun og greiðslutilhögun aldraðra bænda. Rétt þykir að gera II. kafla frumvarpsins, sem fjallar um eftirlaun til aldraðra í Lífeyrissjóði bænda, að sjálfstæðum kafla í lögum um Lífeyrissjóð bænda. Til þess að svo geti orðið er ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar bætt við umræddan kafla.

1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 13. gr. gildandi laga en bætt við þeim möguleika að fjárhæðin breytist mánaðarlega.

2. mgr. er efnislega samhljóða 19. gr. gildandi laga.

3. mgr. er efnislega samhljóða 17. gr. gildandi laga.

Um d-lið (11. gr.).

Ákvæðin eru efnislega samhljóða 18. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að fella á brott III. kafla laganna. Ákvæði III. kafla laganna hafa verið tekin efnislega upp í II. kafla frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að fella á brott ákvæði 19.–22. gr. laganna. Ákvæðin hafa verið tekin efnislega upp í öðrum ákvæðum frumvarps þessa, eða eru í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og gildandi samþykktum fyrir sjóðinn.

Um 5. og 6. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1999,
um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.**

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um Lífeyrissjóð bænda sem miða að því að lagaumhverfi sjóðsins verði einfaldað og starfsumhverfi hans verði sambærilegt við það sem gildir um aðra lífeyrissjóði.

Breytingarnar leiða til þess að í lögum um Lífeyrissjóð bænda verður einungis tekið á sérstöðu sjóðsins, svo sem sjóðsaðild, iðgjaldsstofni og iðgjaldi bænda, svo og innheimtu iðgjaldsins en hún er með nokkuð öðrum hætti en hjá öðrum lífeyrissjóðum. Gert er ráð fyrir því að önnur ákvæði sjóðsins, svo sem réttindaávinnsla, og lífeyrisréttindi verði í samþykktum sjóðsins. Ekki er um að ræða neinar efnislegar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð bænda aðrar en þær að ákvæði um lífeyrisréttindi vegna áunninna réttinda verða felld niður til þess að unnt verði að samræma þau lífeyrisréttindaákvæðum hjá öðrum lífeyrissjóðum. Frumvarpið felur ekki í sér neina skerðingu á réttindum sjóðfélaga. Ekki er gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.